



Minnisblað

Efni: Kvöldakstur leiða 22 og 23 í Garðabæ


Frá: Skipulag/Leiðakerfi, Strætó bs.

Til: Fulltrúar Garðabæjar

Dagsetning: 23.5.2025

Inngangur

Garðabær hefur óskað eftir því að Strætó skoði mögulegar breytingar á kvöldakstri leiða 22 og 23 í sveitarfélaginu, í ljósi þess að fram hafa komið óskir frá íbúum um aukna þjónustu. Leið 22 ekur milli Ásgarðs og Urriðaholts og leið 23 milli Ásgarðs og Álfтанess (sjá mynd 1). Báðar leiðir eru eknar með hefðbundnum 8 metra vagni yfir daginn en á kvöldin tekur við pöntunarþjónusta.



Mynd 1: Akstursleiðir leiða 22 og 23

Pöntunarþjónustan felur í sér að farþegar panta ferð með því að hringja í Hreyfil með að minnsta kosti 30 mínútna fyrirvara. Akstrinum er sinnt af leigubíl.

Garðabær óskaði eftir greiningu á því hvort leggja skuli pöntunarþjónustuna alfarið niður og í staðinn láta vagnana sem aka yfir daginn halda áfram akstri fram til um kl. 22:15.

Núverandi þjónustufyrirkomulag

- Virkir dagar:** Akstur hefst um kl. 7:00 og síðustu ferðir kl. 19:15.
- Laugardagar:** Leið 22 hefst kl. 8:01, leið 23 kl. 8:58.
- Sunnudagar:** Báðar leiðir hefjast um kl. 10:00.
- Síðustu ferðir um helgar:**
 - Leið 22: kl. 18:44
 - Leið 23: kl. 19:17 (eins og virka daga)

Pöntunarþjónusta tekur við eftir að hefðbundnum akstri lýkur og stendur fram til kl. 23:45 alla daga.

- Hálftíma tíðni til um kl. 20:45
- Klukkutíma tíðni eftir það

Kostnaður við pöntunarþjónustu (2024)

Kostnaður við pöntunarþjónustu leiða 22 og 23 árið 2024:

Leið	Kostnaður
Leið 22	2,57 m.kr.
Leið 23	1,96 m.kr.
Samtals	4,52 m.kr.

Kostnaður hefur verið hækkandi og því gæti sparnaður við að leggja þjónustuna niður orðið meiri.

Valmöguleikar

1. Hálftíma tíðni til kl. 22:15

Viðbótarferðir:

- Leið 22 – virkir dagar:
6 ferðir (kl. 19:44, 20:14, 20:44, 21:14, 21:44, 22:14)
- Leið 22 – helgar:
7 ferðir (bætist ein ferð við kl. 19:14)
- Leið 23 – alla daga:
6 ferðir (kl. 19:47, 20:17, 20:47, 21:17, 21:47, 22:17)

Áætlaður árskostnaður:

Leið	Kostnaður
Leið 22	21,93 m.kr.
Leið 23	24,57 m.kr.
Samtals	46,5 m.kr.

Viðbótarkostnaður eftir sparnað vegna pöntunarþjónustu: **Rúmlega 40 m.kr./ári**

2. Klukkutíma tíðni með einum vagni

Ef gert er ráð fyrir klukkutíma tíðni á hvorri leið á kvöldin þá er möguleiki á að akstrinum sé sinnt af einungis einum vagni á kvöldin, í stað tveggja. Þá myndi vagninn skiptast á að aka ferðir á leiðum 22 og 23, dæmi:

Virkir dagar:

- Leið 22: Fjórar ferðir (kl. 19:44, 20:44, 21:44, 22:44)
- Leið 23: Þrjár ferðir (kl. 20:14, 21:14, 22:14)

Helgar:

- Leið 22: Fjórar ferðir (kl. 19:14, 20:14, 21:14, 22:14)
- Leið 23: Þrjár ferðir (kl. 19:44, 20:44, 21:44)

Áætlaður árskostnaður:

Leið	Kostnaður
Leið 22	13,95 m.kr.
Leið 23	12,29 m.kr.
Samtals	26,24 m.kr.

Viðbótarkostnaður eftir sparnað vegna pöntunarþjónustu: **Rúmlega 20 m.kr./ári**

Niðurstaða

Tvær meginleiðir til að bæta kvöldakstur á leiðum 22 og 23 hafa verið skoðaðar:

Valkostur	Þjónustugæði	Áætlaður viðbótarkosnaður
Hálftíma tíðni	Mjög góð, sveigjanleg þjónusta	Rúmlega 40 m.kr./ári
Klukkutíma tíðni	Takmörkuð þjónusta, lengri bið	Rúmlega 20 m.kr. á ári

Hálftíma tíðni býður upp á betri þjónustugæði með styttri biðtíma og meiri sveigjanleika, sem getur auðveldað farþegum að nýta sér almenningssamgöngur að kvöldi. Klukkutíma tíðni felur í sér lægri kostnað, en þjónustan verður takmarkaðri. Hvor valkostur hefur áhrif bæði á rekstrarkostnað og þjónustustig, og mikilvægt er að meta hvort bætt þjónusta geti skilað sér í aukinni notkun og samfélagslegum ávinningi til lengri tíma.